



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Pórunnartúni 6, Rvk. 8. mars. 2021 kl. 17:00.

(Fundur nr. 7. frá Reykjavík)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Jens B. Baldursson, Þuríður Yngvadóttir, Páll Ingbór Kristinsson, Björn Traustason, Valgerður Auðunsdóttir, Berglind Ásgeirsdóttir, og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð).

Á dagskrá fundarins var

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt með smávægilegum leiðréttingum á ásláttarvillum.

2. Ársreikningur SÍ 2020

Henry endurskoðandi félagsins kynnti drög að ársreikningi. Rekstrartekjur ársins eru 58,9 m kr. Tekjur eru að berast úr ýmsum áttum og hækka tekjur verulega milli ára.

Rekstrarafgangur er 3,2 m kr. Rekstrarniðurstaðan er 1,7 m kr. í hagnað.

Efnahagsreikningurinn: Engar stórar breytingar á fastafjármunum. Ein kerra var eignfærð og er það eina breytingin. Heildareignir eru 224,6 m kr. Eigið fé og skuldir: Óráðstafað eigið fé: 175 m kr. Skuldir samtals eru 49,3 m kr.

Heildareignir sjóðanna eru 38,5 m kr. og framlag til SÍ 2,2 m kr.

Við getum verið harla ánægð með þessa niðurstöðu. Handbært eigið fé í árslok: 2,7 m kr. (lækkun um helming milli ára). Eignir s.t. 224 m kr.

3. Fjárhagsáætlun endurnýjuð 2021

BJ kynnti. Reiknað er með rekstrartekjum upp á kr. 53 m og rekstrargjöldum upp á tæpar 50 m (3,3 m í rekstrarafgang).

Reiknað er með nokkrum nýjum styrkjum en að flestir haldist milli ára. Launaliðurinn hækkar, vegna aukinna verkefna og fer

heildarlaunakostnaður í 80 m kr. Niðurstaðan er 1,7 m kr í hagnað ársins. Farið verður aftur yfir áætlunina og hún endurskoðuð í júní næstkomandi, þegar rauntölur fyrstu mánaða ársins liggja fyrir.

4. Aðalfundur í Mosfellsbæ, staða

Björn sagði frá nýjustu vendingum í áformum um aðalfund. Dagsetningin sem hafði verið ákveðin í sept. er í uppnámi vegna framkvæmda við félagsheimilið Hlégarð, en hægt er að halda aðalfundinn 20.-22. ágúst í Harðarþóli í Mosfellsbæ. Möguleiki er á að fá húsnæði Golfklúbbsins undir hátíðarkvöldverðinn. Hrefna hefur einnig kannað félagsheimilið Dreng í Kjós og Félagsgarð á Kjalarnesi undir hátíðarkvöldverð, en salur Golfklúbbsins er áhugaverðari, en hann getur tekið 200 manns. Ef fjöldinn fer yfir 200, telur vertinn það „ekkert mál“. Ýmsir möguleikar („sviðsmýndir“) eru mögulegar í tengslum við salarkynni undir fundinn og hátíðarkvöldverðinn sem verið er að skoða. Björn heldur okkur upplýstum um framhald málsins.

5. Landgræðslusjóður, sagt frá framvindu mála.

Þuríður sagði frá. Halda þarf fund með Birni Barkarsyni um hugsanlega jörð sem sjóðurinn getur fengið til afnota, en hann er tekinn við starfi Jóns Geirs Péturssonar. Þjóðgarður á Vestfjörðum er nú til kynningar.

Ingunnarstaðir: Málið er í hægri vinnslu hjá skipulagsyfirkvöldum. Nokkrar umsóknir eru komnar inn vegna Landgræðsluskóga; verið er að hringja í formenn og minna félögin á að sækja um. Í fyrra sóttu 16 félög um. Stundum virðast félög gleyma að sækja styrki sem fengist hafa. Starfsfólk S.Í. hefur að undanfögnu hringt í fulltrúa einstakra félaga víðsvegar um landið til að minna þá á að sækja um. Fram kom hversu þakklátt og mikilvægt það er að vera í símasambandi því sumir virðast ekki alveg vita hvernig þeir eiga að bera sig að við að sækja um. Til ráðstöfunar eru tæpar 14 m kr. Haldinn verður fundur um leið og umsóknarfrestur rennur út.

6. Fræsöfnun á birki, verkefni.

Kristinn sagði frá. Skógræktarfélag Kópavogs tók á móti öllu birki frá sem safnaðist á höfuðborgarsvæðinu í fræsöfnunarátaki haustið 2020 og sáði því í land sitt, í hrjóstugu svæði við Selfjall. Fræsöfnunin varð framar öllum vonum og safnaðist s.t. 275 kg, þar af 135 á höfuðborgarsvæðinu og 40 kg í Vestmannaeyjum. Talað hefur verið um að Kristinn leiði þetta verkefni áfram, en að félögin annist málið í hinum ýmsu landshlutum og finni, ásamt öðrum samstarfsaðilum, land til sáningar á fræinu. Til stendur að

halda því áfram, en koma verður í ljós hvort fræar verði í ár. Ekki náðist að sá öllu fræi í haust en sáningu mun ljúka á vori komanda.

7. Endurnýjaður félagasamningur við FÍN

Stofnanasamningur milli SÍ og FÍN var gerður árið 2006 og byggðist á launatöflu sem orðin var úrelt. Gerðar voru breytingar á samningnum á fleiri en 10 fundum á hálfu ári. Starfsfólkið var flokkað í starfsheiti og starfsheitin í launaflokka eftir menntun o.fl. Á sama tíma var gerður nýr samningur við framkvæmdastjóra, þannig að í stað ökutækjastyrks voru laun hans hækkuð í áttina. Heildarlaunin hliðruðust til og hækkuðu hjá sumum. Samningurinn er tilbúinn en óundirritaður og er hér með borinn upp á stjórnarfundi. Stjórnarmenn eru beðnir um að fara yfir samninginn, gera athugasemdir, senda þær inn innan hálfmánaðar og verður málið borið upp til formlegrar samþykktar á næsta stjórnarfundi.

8. Kolviður

Skýrsla birtist nýverið um úttekt á kolefnisbindingu á Geitasandi. Nýtingin á birkinu hefur ekki verið góð. JG sagði frá nýlegum fundi með Kolviði, Votlendissjóði og Loftslagsráði. Mest var rætt um alþjóðlega vottun og nauðsyn þess að koma henni á hið fyrsta. Kolviður verður 15 ára í júní næstkomandi og verið er að skoða hvað verður gert af því tilefni en vert er að nota tækifærið og minna á Kolvið og þau verkefni sem sjóðurinn vinnur að.

9. Önnur mál m.a. ósk félagsins um lækkun á vöxtum af láni Landgræðslusjóðs.

Skógræktarfélag Íslands óskar eftir því að vextir á láni frá Landgræðslusjóði lækki, úr 5% í 4%. Lánið stendur nú í 29,5 m kr.

Ákveðið var að senda *ekki* inn umsögn vegna þingsályktunartillögu um uppgræðslu lands og ræktun túna, 319. mál.

PIK lagði til að „Tré ársins“ fyrri ára yrðu mæld og gerð grein fyrir því hvernig þeim hefur vegnað. Hugmyndinni var vel tekið.

Rætt var um það hversu mikilvægt það er að efna til Teams funda á næstunni með fulltrúum skógræktarfélaga

sem eru í sömu landshlutum. Það hefur borið á því að samskiptin eru oft frekar takmörkuð, þó svo að fólk sé að vinna að svipuðum hlutum á svipuðum slóðum. Starfsfólk S.Í. mun vinna að þessu á næstunni og halda fundi til að glæða samskiptin og opna einskonar flæðilínur milli félaganna.

Fundurinn var haldinn á Teams